

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN	SKÝRSLA YFIRHEYRSLA VITNI	R L S	
Skýrslu genir 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi	Mál nr. 006-2002-00086	IV 152.1	
Staður og stund: Föstudagur 3. júní 2005 kl. 14:04 – Skrifstofa RLS, Skúlagötu 21, Reykjavík			
Sakarefni: Rannsókn á ætluðum brotum forráðam. Baugs hf. og skyldra félaga – Vöruveltan hf./Litla fasteignafélagið ehf.			
Vitni: Hertha M. Þorsteinsdóttir	Kennitala: 111158-5149		
Starf/staða: K. Karlsson ehf., Skútuvogi 5, 104 Reykjavík	Vinnusími: 540 9004		
Lögheimili: Furugrund 46, 200 Kópavogur	Sími: 564 3281/822 9204		
Dvalarstaður:	Sími:		

Hertha M. Þorsteinsdóttir er mætt til yfirheyrslu á skrifstofu Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun. Henni er kunnert um tilefni yfirheyrslunnar, sem er opinber rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna Baugs hf. og skyldra félaga í tengslum við kaup hlutafjár í Vöruveltunni hf. á árunum 1998 og 1999. Enn fremur er til rannsóknar ætluð refsiverð háttsemi er lýtur að kaupum og sölu fasteigna til og frá Litla fasteignafélaginu ehf. á árunum 1998 og 1999.

Hertha nýtur réttarstöðu vitnis við rannsókn málsins samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, en samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum gegndi hún starfi framkvæmdastjóra Klukkubúða hf., síðar Vöruveltunnar hf., á hluta þess tímabils sem ætluð brot eru talin hafa verið drýgd.

Herthu er kunngerð vitnaskyldan um að öllum sé skylt að mæta fyrir dóm í opinberu máli séu þeir til þess kvaddir, sbr. 1. mgr. 49. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Herthu er kunngerð vitnaábyrgðin sem er sú siðferðislega ábyrgð og refsíábyrgð sem hún kunni að baka sér með vísitandi eða gáleysislega röngum framburði í skýrslu hjá lögreglu, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga. Enn fremur er brýnt fyrir Herthu að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta.

Aðspurð segir Hertha að hún skilji þau réttarfarslaga er henni hafa verið gjörð kunn.

Viðstaddur og þáttakandi í yfirheyrslunni er Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi. Yfirheyrslan fer þannig fram að skýrsla er rituð og skráð í tölvu. Spurningar og eftir atvikum gögn eru lögð fyrir Herthu og svör hennar við þeim bókuð eftir henni í óbeinni ræðu.

AKK

06264

Klukkubúðir hf., síðar Vöruveltan hf.

Herthu er sýnd samantekt Ríkislögreglustjórans á upplýsingum um skipan stjórnar o. fl. í Klukkubúðum hf. (síðar Vöruveltan hf.). Samantektin er byggð á gögnum sem Ríkislögreglustjórinn aflaði í þágu rannsóknar málsins hjá hlutafélagaskrá. Samkvæmt samantektinni hefur hlutafélagið Klukkubúðir verið stofnað 4. desember 1998, en nafni félagsins hefur verið breytt í Vöruveltuna hf., dags. 23. desember 1998. Samkvæmt samantektinni hefur Hertha gegnt starfi framkvæmdastjóra Klukkubúða hf. og síðar Vöruveltunnar hf. frá 4. desember 1998 til 15. ágúst 1999.

- Skjal málsins nr. II/25.11.0

Hertha er spurð hvort þetta séu réttar upplýsingar.

Hertha segir að hún telji þetta vera réttar upplýsingar.

Hertha er beðin að gera grein fyrir þeim störfum sem hún gegndi fyrir þessi félög; hvernig það hafi borið að hún hafi tekið að sér starf framkvæmdastjóra, hver hafi ráðið hana og hvort gerður hafi verið ráðningarsamningur.

Hertha segir að forsaga þessa máls sé sú að hún hafi annaðhvort á árinu 1994 eða 1995 ráðið sig til starfa hjá Eiríki Sigurðssyni, þáverandi eiganda Vöruveltunnar hf., sem þá hafi átt og rekið verslanir 10-11. Hertha segir að starf hennar hafi snúist um að aðstoða Eirík við ýmislegt, en það starf hafi ekki sérstaklega verið skilgreint. Hertha segir að líklega verði því starfi best lýst með þeim hætti að hún hafi verið „hægri hönd Eiríks“. Hertha segir að hún hafi þekkt Eirík áður en hún hafi ráðið sig starfa hjá honum, en leiðir þeirra hafi í fyrstu legið saman hjá Miklagarði.

Hertha segir að Eiríkur hafi annaðhvort í lok október eða byrjun nóvember 1998 komið að máli við hana og kunnert henni hann væri að fara selja eða búinn að selja fyrirtæki sitt, Vöruveltuna hf., til Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Hertha segir að henni hafi í raun ekki komið þetta á óvart þar sem henni hafi verið kunnugt um að margir aðiljar hafi borið víurnar í fyrirtækið. Hertha segir að við þetta tilefni hafi Eiríkur spurt hana að því hvort hún hefði áhuga á því að taka að sér starf framkvæmdastjóra hjá nýjum eiganda félagsins, Jóni Ásgeiri, en þá hafi legið fyrir að Jón Ásgeir hafi haft áhuga á því. Hertha segir að hún hafi strax í upphafi ákveðið að láta til leiðast og ákveðið að taka að sér starf framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Hertha segir að í framhaldi af því hafi hún hitt Jón Ásgeir í fyrsta skipti.

Hertha segir að nokkru síðar hafi hún síðan hitt Jón Ásgeir í annað sinn, þá á fundi í húsnæði að Rauðarárstíg í Reykjavík, en Jón Ásgeir hafi boðað til þess fundar. Hertha segir að Jón Ásgeir hafi haft þetta húsnæði til umráða, en um hafi verið að ræða litla íbúð í fjölbýlishúsi. Hertha segir að á fundinum hafi verið hún, Jón Ásgeir, Eiríkur Sigurðsson, Ragnar Tómasson, lögmaður og Grétar Haraldsson, lögmaður. Hertha segir að á þeim fundi hafi verið gerður við hana ráðningarsamningur, sem hún telji að Jón Ásgeir hafi ritað undir.

Hertha segir að hún hafi starfað hjá Vöruveltunni hf. þar til henni hafi verið sagt upp störfum í ágúst 1999, en ástæða þess hafi verið sú að fyrirtækið hafi ekki þótt ganga nægilega vel. Hertha segir að nokkru eftir uppsögnina hafi komið upp vanefndir af hálfu vinnuveitanda og hafi hún ekki fengið laun greidd samkvæmt ráðningarsamningnum. Hertha segir að af því tilefni hafi hún sett sig í samband við Karl Georg Sigurbjörnsson, lögmann, og í framhaldi hafi verið tekin ákvörðun að stefna vinnuveitanda, sem líklega hafi verið Baugur hf. á þeim tíma, þ. e. á árinu 2000. Hertha segir að náðst hafi sátt um málið og hún fengið vangoldin laun greidd frá Baugi hf.

Hertha er spurð hvort hún muni hvenær hún hafi gert umræddan ráðningarsamning.

Hertha segir að hún muni það ekki nákvæmlega, en líklega hafi það þó verið í byrjun nóvembermánaðar 1998. Þá tímasetningu miði hún við að á þessum tíma hafi hún átt 40 ára afmæli og farið til útlanda af því tilefni. Hertha segir að hún telji að ritað hafi verið undir samninginn fyrir þann tíma, þ. e. 11. nóvember 1998.

Hertha er spurð við hvern hún hafi gert umræddan ráðningarsamning.

Hertha segir að hún hafi gert þennan samning við Jón Ásgeir Jóhannesson. Hertha segir að hún telji að allir þeir sem voru viðstaddir þennan fund hafi undirritað ráðningarsamninginn.

Aðspurð segir Hertha að hún geti líklega lagt þennan ráðningarsamning fram. Hertha segir að hún hafi þegar verið beðin af lögreglu að leggja fram téðan samning og sé hún nú að vinna að því að afla hans. Hertha áskilur sér að láta lögreglu í té umræddan samning.

Hertha er beðin að gera grein fyrir afhendingu Vöruveltunnar hf., m. t. t. hvenær hún hafi átt sér stað.

Hertha segir að hún hafi ekki orðið vitni að því. Hins vegar hafi Eiríkur nánast á sömu stundu og hann hafi tilkynnt um sölu félagsins hætt öllum afskiptum af daglegum rekstri þess. Hertha segir að líklega hafi það verið í byrjun nóvember 1998. Hertha segir að í framhaldi af því hafi þessi ákvörðun verið kynnt starfsfólki félagsins, en mörgum hafi þótt þetta miður. Hertha segir að hana reki ekki minni til þess að Eiríkur hafi nokkurn tímann komið í fyrirtækið eftir að hann seldi það.

Aðspurð segir Hertha að sú breyting hafi orðið á þegar Jón Ásgeir hafi keypt félagið hafi hún hitt hann mánaðarlega þar sem farið hafi verið yfir mánaðarlega afkomu og framlegð fyrirtækisins. Hertha segir að í því sambandi hafi hún þurft að taka saman mánaðarlega upplýsingar varðandi það. Hertha segir að í upphafi hafi þeir fundir farið fram að Rauðarárstíg, en eftir að gert hafi verið opinbert að Baugur hf. hafi keypt Vöruveltuna hf. um vorið 1999 hafi það breyst og fundir farið fram í húsnæði Baugs hf.

Aðspurð segir Hertha að mál þetta hafi ekki verið gert heyrinkunnugt í fjölmiðlum fyrr en vorið eftir, þ. e. 1999. Hertha segir að samkvæmt því sem hún best hafi munað hafi Eiríkur sagt sér að salan á félaginu yrði ekki gerð opinber strax vegna aðkomu íslenskra samkeppnisyfivalda.

Hertha er spurð hvort hún muni hvernig innkaupasamstarfi við Baug-Aðföng ehf. og Vöruveltunnar hf. hafi verið háttað.

Hertha segir að það hafi orðið til nokkru áður en Eiríkur hafi tilkynnt sér að hann hefði verið búinn að selja félagið. Hertha segir að hún muni ekki nákvæmlega hversu löngu áður og treystir sér ekki til að nefna nokkra tímasetningu í því sambandi.

Hertha er spurð hvort Eiríkur hafi einhvern tímann nefnt við hana söluverð hans á Vöruveltunni hf.

Hertha segir að Eiríkur hafi aldrei nefnt neitt verð í því sambandi, en þó hafi hann sagt að hann hafi fengið tilboð sem hann hafi ekki getað hafnað.

Vöruveltan hf. – kaup á hlutabréfum**Kaupsamningur, dags. 7. október 1998**

Herthu er sýnt afrit af kaupsamningi vegna kaupa á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. kt. 511091-1369, að nafnvirði 4.600.000,- króna, dags. 7. október 1998. Samkvæmt umræddum samningi gerðu seljandi, Helga Gísladóttir kt. 170857-2089 fyrir sína hönd og/eða hlutafélags sem eigenda 100% hlutafjár í Vöruveltunni hf. og umboðsmaður kaupanda, Jón Ásgeir Jóhannesson kt. 270168-4509, með sér samning um kaup á öllu hlutafé Vöruveltunnar hf. Kaupsamningurinn er undirritaður af Helgu Gísladóttur, Eiríki Sigurðssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og vottaður af Grétari Haraldssyni kt. 060335-7299, héraðsdómsslögmanni og Ragnari Tómassyni kt. 300139-7019, lögmanni. Umsamið kaupverð alls hlutafjárins var sagt vera kr. 1.150.000.000,- og skyldi greiðast eftirfarandi:

- Skjal málsins nr. II/50.2

1. Hinn 8. október 1998	kr.	200.000.000,-
2. Hinn 5. nóvember 1998	kr.	800.000.000,-
3. Með víxli pr. 1. 3. 1999 (verðbætur gerðar upp sér)	kr.	150.000.000,-

	Kr.	1.150.000.000,-

Hertha er spurð hvort hún kannist við þennan samning.

Hertha segir að líklega hafi hún séð þennan samning hjá skattransóknarstjóra, en ekki fyrir þann tíma.

Litla fasteignafélagið ehf. – kaup og sala á fasteignum

Hertha er spurð hvort hún hafi í starfi í starfi sínu hjá Vöruveltunni hf. verið kunnugt um einhverjar breytingar á eignahaldi á fasteignum sem verslanir 10-11 höfðu til afnota.

Hertha segir að hún muni til þess að fljótlega eftir að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi tekið við rekstri félagsins hafi átt sér stað einhverjar tilfæringar á fasteignum og aðallega lausafjármunum. Hertha segir að hún muni til þess að húsaleiga hafi hækkað mjög á þessum tíma, þ. e. sú húsaleiga sem Vöruveltan hf. hafi þurft að greiða til þá annaðhvort Litla fasteignafélagsins eða Fasteignafélagsins Stoða hf. Hertha segir enn fremur að henni hafi þótt það nokkuð einkennilegt að ýmsir lausafjármunir eins og kælur o. þ. h., sem áður hafi verið í eigu Vöruveltunnar hf., hafi skyndilega þurft að greiða kaupleigu af, en sú kaupleiga hafi verið mjög há. Hertha segir að þetta hafi verið meginforsenda þess að erfiðlega hafi gengið að reka Vöruveltuna hf. eftir að Jón Ásgeir tók við félaginu, þ. e. reksturinn hafi orðið þyngri og af augljósum ástæðum rekstrarkostnaður meiri.

Hertha er spurð hvort hún kannist við fasteignir að Suðurlandsbraut 48, Laugalæk 2, Sporhömrum 3, Langarima 21-23 og Grímsbæ/Efstaland 26 og hvort hún viti til þess að þessar fasteignir hafi verið í eigu Vöruveltunnar hf.

Hertha segir að hún muni eftir Laugalæk, Suðurlandsbraut, Langarima og Sporhömrum, en þær fasteignir hafi áður verið í eigu Eiríks Sigurðssonar.

Hertha er spurð að lokum hvort hún vilji taka eitthvað sérstaklega fram eða koma á framfæri einhverjum ábendingum eða athugasemdum.

Hertha hefur lesið skýrsluna yfir. Hún telur skýrsluna rétt bókaða og engu við að bæta.


Yfirheyrslu og yfirheyrslu skýrslu lokið föstudaginn 3. júní 2005 kl. 15⁴⁵

Yfirlesio staðfest rétt



Hertha M. Þorsteinsdóttir

Skýrslu gerir



Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Viðstaddur og þátttakandi við yfirheyrslu



Sveinn Ingiberg Magnússon, lögreglufulltrúi